



FAGMENNSKA – SKÖPUN – SAMSTARF
Ársskýrsla 2023-2024

11. júní 2024

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri	4
2. Fjármál og rekstur.....	5
3. Aðstaða og faglegt starf.....	7
4. Miðlun upplýsinga	12
5. Ytra samstarf	14

Inngangur

Fjármál og rekstur AkureyrarAkademíunnar (AkAk) gengu vel á starfsárinu og sýnir ársreikningur 2023 jafnvægi í rekstri.

Eftir að samkomutakmörkunum vegna kórónufaraldursins var alveg aflétt þegar kom fram á árið 2022 jókst eftirspurn eftir vinnuáðstöðu hjá AkAk og hefur nýting á árinu 2023 náð sama stigi og var fyrir faraldurinn.

Auk verkefna sem tengjast fjármálum og rekstri og að auka eftirspurn eftir vinnuáðstöðu, var unnið að því að bæta aðstöðu og þjónustu í húsnæði AkAk, uppfæra gagnagrunn um verkefni og viðburði og að efla ytra samstarf og miðlun þekkingar út til samfélagsins með margvíslegum viðburðum fyrir almenning.

Stjórn AkAk þakkar háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu fyrir samstarfið á starfsárinu og væntir áfram góðs samstarfs.

Akureyri, 11. júní 2024

F. h. stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Sigurgeir Guðjónsson, formaður

1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Á ársfundi 16. maí 2023 var kosið í stjórn og fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar fyrir komandi starfsár en samkvæmt skipulagsskrá kýs ársfundur sjö manna fulltrúaráð úr hópi skráðra fulltrúa, þar af þrjá í stjórn.

Stjórn 2023-2024:

- Sigurgeir Guðjónsson, formaður
- Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
- Sara Stefánsdóttir, ritari

Fulltrúaráð 2023-2024:

- Gunnar Árnason
- Jakob Þór Kristjánsson
- Jón Hjaltason
- Margrét Guðmundsdóttir

Stjórn fer með öll málefni stofnunarinnar milli ársfunda, er æðsta vald í málefnum hennar og ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráði. Stjórnin mótar stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar, vinnur að markmiðum hennar og setur henni reglur. Stjórnarstörf, sem meðal annars felast í fundum, eru unnin í sjálfboðavinnu.

Stjórnin hefur haldið fimm stjórnarfundum á starfsárinu. Fulltrúar í fulltrúaráði eru upplýstir um alla stjórnarfundum, dagskrármál og gögn, og sitja fundum þegar þeir hafa tök á.

Framkvæmdastjóri í 50% starfi er Aðalheiður Steingrímsdóttir. Hlutverk framkvæmdastjóra er að vera talsmaður stofnunarinnar og annast rekstur hennar og reikningsskil í umboði stjórnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur að framgangi stefnumála stofnunarinnar hverju sinni og situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

2. Fjármál og rekstur

Markmið stefnu AkAk varðandi fjármál og rekstur er að tryggja öryggi í fjármálum og stöðugleika í rekstri.

Fyrsti samstarfssamningur AkAk við mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstrarframlag á fjárlögum var gerður árið 2015 en þá var lagður grunnur að stöðugleika í rekstri og starfsemi AkAk. Samningurinn gildi út árið 2017 og eftir það hafa verið gerðir árlegir viðaukar.

Fjármál og rekstur AkureyrarAkademíunnar gengdu vel á starfsárinu, og sýnir ársreikningur AkAk fyrir árið 2023 jafnvægi í fjármálum og rekstri.

Rekstrartekjur árið 2023 eru 14,2 m.kr., þar af eru opinber framlög 10,5 m.kr., leigutekjur eru 3,4 m.kr. og aðrar rekstrartekjur eru ríflega kr. 300 þúsund. Í öðrum rekstrartekjum eru félagsgjöld, styrkir og önnur framlög, og aðrar tekjur. Rekstrartekjur árið 2022 voru 18,1 m.kr. og munar þar mestu um sölu á hlut AkAk í sameign og lóð í Sunnuhlíð 12 til fasteignafélagsins Regins hf. fyrir 4,7 m.kr. vegna framkvæmda við að koma heilsugæslunni á Akureyri fyrir á annarri hæð hússins og í nýrri viðbyggingu við það. Tekjur vegna útleigu á vinnuáðastöðu (húsaleigutekjur) eru tæplega 800 þúsund kr. hærri á árinu 2023 en árið 2022.

Rekstrargjöld árið 2023 eru 11,6 m.kr., þar af er verkefnakostnaður 1,5 m.kr., laun og launatengd gjöld 4,5 m.kr., rekstur fasteignar 2,2 m.kr., annar rekstrarkostnaður 2,3 m.kr., og afskriftir um það bil kr. 870 þúsund. Liðirnir sem heyra undir annan rekstrarkostnað og afskriftir eru hærri árið 2023 en árið 2022 en aðrir liðir eru lægri. Annar rekstrarkostnaður er tæplega 450 þúsund kr. hærri á árinu 2023 miðað við árið 2022 og eru helstu skýringarnar aukinn kostnaður við ferðir og fundi. Í kostnaði við ferðir er þátttaka AkAk í fræðapingi ReykjavíkurAkademíunnar (RA), fundur félaga AkAk og RA á Laugarbakka í Miðfirði, vorferð félaga AkAk til Seyðisfjarðar og akstur vegna jólaboðs AkAk. Í kostnaði við fundi eru aðallega veitingar vegna ýmissa funda hjá AkAk og jólaboðs. Helstu útgjaldaliðirnir í ýmsum öðrum kostnaði eru styrkir AkAk vegna fræðapings RA og vegna ráðstefnu á Akureyri, samtals kr. 150 þúsund.

Skýringin á hærri afskriftum árið 2023 miðað við árið 2022 er vegna kaupa á nýjum búnaði í húsnæði AkAk sem fólst í að vinnuborðum var skipt út og keypt rafdrifin hæðarstillanleg vinnuborð fyrir innanhúsfólk. Á árinu 2022 var keyptur fjarfundabúnaður til að auðvelda innanhúsfólki að stunda nám og önnur störf, óháð staðsetningu. Ný vinnuborð og fjarfundabúnaður er eignafærður undir fastafjármunum sem skrifstofubúnaður og áhöld, ásamt fasteign AkAk í Sunnuhlíð.

Rekstrarafkoma ársins 2023 er jákvæð um kr. 730 þúsund þegar búið er að taka tillit til vaxtatekna og vaxtagjalda.

Á ársfundi AkAk 2024 sem haldinn var 15. maí sl. var samþykkt tillaga stjórnar AkAk um vísindastyrki sem innanhúsfólk getur sótt um samkvæmt ákveðnum reglum og skilyrðum. Tillagan felur í sér að stjórn AkAk sé heimilt að taka ákvörðun um þá fjármuni sem ætlaðir eru til styrkveitinga til innanhúsfólks AkAk í tengslum við gerð árlegrar rekstraráætlunar stofnunarinnar. Sérstakur liður í verkefnakostnaði í rekstraráætlun verði skilgreindur sem Vísindastyrkir og fjármunir til þeirra. Í rekstraráætlun 2024 eru kr. 200 þúsund skilgreindar sem vísindastyrkir. Markmið Vísindastyrkja AkAk er að styðja við verkefni sem einstaklingar vinna að hjá AkAk og/eða fagsvið þeirra. Einnig skal styrkumsókn tengjast hlutverki AkAk sem rannsókn- og fræðaseturs samkvæmt 4. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar. Sérstök úthlutunarnefnd mun taka við umsóknum og afgreiða og er gert ráð fyrir að styrkreglur taki gildi 1. september 2024.

3. Aðstaða og faglegt starf

Markmið stefnu AkAk um aðstöðu og faglegt starf er að bjóða einstaklingum upp á góða aðstöðu og þjónustu til að vinna að hugðarefnum sínum og að efla félagslega samveru og þverfaglegt samstarf á vettvangi AkAk.

Húsnæðið í Sunnuhlíð

AkureyrarAkademían keypti skrifstofurými í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12 fyrir sína starfsemi af Díl ehf. bókhaldsþjónustu og var skrifað undir kaupsamning í janúar 2020 og flutt í nýja húsnæðið í lok febrúar. Kaupverð var 25,8 m.kr. og var tekið bankalán að upphæð 20,250 m.kr. til að fjármagna kaupin. Húsnæðið er um 180 fm að stærð og hentar starfsemi AkAk mjög vel. Þegar húsnæðið var keypt samdi fyrrverandi eigandi um að fá að vera áfram í hluta rýmisins en á móti var kaupverð eignarinnar lækkað og var gert ráð fyrir að rýmið yrði losað í febrúar 2021. Fyrrverandi eigandi óskaði síðan eftir því að fá að vera áfram í húsnæðinu en í minna rými en áður og var gengið frá ótímabundnum leigusamningi í febrúar 2021 með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Mánaðarleg leiga Díls ehf. fyrir rýmið er nú kr. 80 þúsund. Hjá Díl ehf. starfa tveir starfsmenn.

Innanhúsfólk

Í húsnæði AkAk eru vinnupláss fyrir 12 einstaklinga hverju sinni. Hér er aðstaða framkvæmdastjóra ekki talin með eða það rými sem Díl ehf. leigir hjá AkAk. Tvö af 12 vinnuplássum eru fyrir frumkvöðla til að vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna samkvæmt samningi Akureyrarbæjar og AkAk.

Alls voru 22 einstaklingar með vinnuástöðu hjá AkAk á árinu 2023 til lengri eða skemmri tíma: Aldís Gísladóttir, Alma Lilja Sævarsdóttir, Anna Dúa Kristjánsdóttir, Arna Dögg Arnardóttir, Benedikta Guðrún Svavarsdóttir, Bryndís Fjöla Pétursdóttir, Gunnar Árnason, Hanna Björk Klitgaard, Högni Harðarson, Jón Örn Pálsson, Jón Þór Sigurðsson, Magnús Blöndal Jóhannsson, Margrét Guðmundsdóttir, Rannvá Olsen, Sandra Rebekka Ö. Arnarsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Sigurgeir Guðjónsson, Silja Jóhannesar Ástudóttir, Valgerður H. Bjarnadóttir, Þorgerður Anna Björnsdóttir, Þórhallur S. Bjarnason og Þröstur Ásmundsson.

Eins og áður hefur innanhúsfólk unnið að fjölbreyttum viðfangsefnum: stundað háskólanám, sinnt störfum óháð staðsetningu, unnið að frumkvöðla- og nýsköpunarverkefnum, og að rannsóknum og þekkingarsköpun sem sjálfstætt starfandi fræðimenn.

Nýting á útleigðri vinnuaðstöðu 2017-2023 ¹						
2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
88%	103%	102%	95%	66%	63%	100%

Skýringin á yfir 100% nýtingu fyrir árin 2018 og 2019 er að þá var bætt við tímabundinni vinnuaðstöðu til að mæta aukinni eftirspurn.

Almennt er eftirspurn eftir vinnuaðstöðu talsvert árstíðabundin, hún er mest í janúar og september en oft minni yfir sumarmánuðina. Eftir að flutt var í húsnæðið í Sunnuhlíð í febrúar 2020 dró um tíma úr eftirspurn eftir vinnuaðstöðu og var laus vinnuaðstaða auglýst á miðlum AkAk og einnig í Háskólanum á Akureyri sem hafði þau áhrif að frá hausti 2020 og út það ár voru öll vinnupláss í notkun og einnig var bætt við borði til að koma fleirum að.

Sumarið og haustið 2021 urðu síðan talsverðar breytingar á innanhúshópnum, bæði vegna búferlaflutninga frá Akureyri og einnig var fólk að ljúka sínu námi og verkefnum. Á sama tíma voru áhrifin af kórónufaraldrinum að koma fram í samfélaginu af fullum þunga sem stóðu yfir fram á árið 2022 en þá var öllum samkomutakmörkunum aflétt. Þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar og mikla upplýsingamiðlun um lausa vinnuaðstöðu fór nýliðun í innanhúshópnum ekki að aukast aftur fyrr en um haustið 2022. Frá þeim tíma og út það ár voru öll vinnupláss komin í notkun, og á árinu 2023 er nýting á útleigðri vinnuaðstöðu komin í sama horf og var fyrir kórónufaraldurinn.

Breytingar á innanhúshópnum á árinu 2021 og áhrif kórónufaraldursins á því ári og á árinu 2022 eiga því þátt í minni nýtingu á útleigðri vinnuaðstöðu þessi tvö ár miðað við árin á undan og á árinu 2023.

¹ Tölur um fjölda þeirra sem eru með vinnuaðstöðu hjá AkAk og um nýtingu á vinnuaðstöðu eru miðaðar við almanaksárið hverju sinni en ekki starfsárið sem er á milli ársfunda, og eru ársfundir haldnir í maí.

Yfirlit yfir háskólanema og aðra sem voru með vinnuaðstöðu hjá AkAk árin 2017-2023. ²							
	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Háskólanemar:							
Doktorsnemar	5	6	4	3	2	2	2
Meistaránemar	8	9	12	7	1	2	
Grunnnámsnemar				2	7	1	1
Aðrir:							
Háskólakennarar				1	1		
Nýdóttorar	1	3		3	2		
Sjálfstætt starfandi	4	4	5	4	7	6	7
Frumkvöðlar					2	4	6
Störf óháð staðsetningu						2	6
Samtals	18	22	21	20	22	17	22

Á þessu árabili hafa nemar í meistaránámi verið flestir þeirra sem leigja vinnuaðstöðu hjá AkAk en þar á eftir koma sjálfstætt starfandi fræðimenn og doktorsnemar. En nýir hópar hafa líka hreiðrað um sig í húsnæði AkAk, eins og fólk sem vinnur að þróun frumkvöðla- og nýsköpunarverkefna sem og þeir sem sinna störfum óháð staðsetningu, og má gera ráð fyrir að þessi þáttur starfseminnar vaxi á næstu árum.

Þeir sem starfa í húsnæði AkAk njóta þar félagsskapar og stuðnings og geta leitað eftir aðstoð við störf sín en mikilvægt er að geta rætt þau verk sem fengist er við hverju sinni.

Framkvæmdastjóri kemur á framfæri við innanhúsfólk upplýsingum um möguleika á styrkjum og veitir aðstoð við styrkumsóknir og önnur verkefni. Þeim sem starfa innan AkAk gefst auk þess kostur á að sækja um styrki í samkeppnissjóði undir merkjum AkAk. Stofnunin mun í slíkum tilfellum sjá um fjárhagslega hlið styrkveitingarinnar gegn þóknun.

Á árinu 2023 voru félagar AkAk rúmlega 50 og 40 á árinu 2022.³

² Upplýsingar miðast við almanaksárið en ekki starfsárið.

³ Félagi er sá sem greiðir árgjald til AkAk og leigir hluti félaga einnig vinnuaðstöðu hjá AkAk.

Aðstaða og innanhústarf

Haustið 2023 var ráðist í að skipta út vinnuborðum í húsnæði AkAk og keypt rafdrifin hæðarstillanleg vinnuborð fyrir innanhúsfólk og einnig var keyptur nýr prentari með skanna. Áður var búið að bæta aðstöðu innanhúsfólks til að stunda nám og sinna öðrum verkefnum, óháð staðsetningu, og nýjum búnaði komið fyrir í fundarherberginu. Einnig voru keypt þráðlaus heyrnartól sem innanhúsfólk hefur aðgang að, og loftþreinsitæki til að bæta loftgæði í húsnæðinu.

Einn liður í stefnu AkureyrarAkademíunnar (AkAk) er að leggja árlega könnun fyrir meðal þeirra sem eru með vinnuaðstöðu í húsnæði AkAk þar sem spurt er um viðhorf til aðstöðu og þjónustu hjá stofnuninni. Markmiðið er að greina starfsemina og að nota niðurstöður til að bæta hana. Fyrsta viðhorfskönnun af þessu tagi var lögð fyrir í apríl 2022 og var svarhlutfall þá um 79% (15 af 19 svöruðu). Leitað var til þeirra sem voru með vinnuaðstöðu hjá AkAk á árinu 2021 og 2022 um að svara könnuninni. Könnunin árið 2023 var framkvæmd frá 2. maí til 10. maí og var leitað til þeirra sem voru með vinnuaðstöðu hjá AkAk á því sama ári og á árinu 2022 um að svara henni, samtals 19 manns, og svöruðu 13, eða um 68%. Könnunin á árinu 2024 var framkvæmd frá 22. apríl og til 28. apríl sl. Leitað var til þeirra sem hafa verið með vinnuaðstöðu hjá AkAk á þessu og síðasta ári um að svara henni, samtals 27 manns, og svöruðu 20, eða 74%. Allar kannanir hafa verið framkvæmdar í könnunarkerfinu SurveyMonkey og tryggt að ekki væri hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda. Sami spurningalisti var notaður í öll skiptin en í könnuninni árið 2023 var líka bætt við einni opinni spurningu þar sem þátttakendum var gefinn kostur á að koma með skriflegar ábendingar um aðstöðu og þjónustu hjá AkAk, og þessi möguleiki var líka í boði í könnuninni árið 2024. Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar vorið 2024 eins og fyrri kannana, sýna almenna ánægju með aðstöðu og þjónustu hjá AkAk og þar hafa komið fram gagnlegar upplýsingar um á hvaða sviðum þurfi að skerpa á þjónustu og áherslum, svo sem varðandi ýmis konar búnað.

Löng hefð er fyrir félagslegri samveru og ýmsu samstarfi innanhúsfólks, eins og tiltektardögum, súpufundum, vorferðum og jólaboðum. Á súpufundum hittist fólk í hádeginu og segir frá verkefnum sínum og rætt er um það sem er á döfnni í starfsemi AkAk.

Tiltektardagur var haldinn 9. júní, og lagað til í húsnæðinu eftir veturinn. Farið var í vorferð í lok júní og haldið til Seyðisfjarðar til að fræðast um menningu og samfélag. Í ágúst var opið hús í tilefni af Akureyrarvöku og bæjarbúum boðið að koma í heimsókn til að kynna sér starfsemina og skoða aðstæður. Á haustmisseri voru haldnir þrír súpufundir, jólaboð fór fram þann 8. desember og haldnir voru fjórir súpufundir á vormisseri. Kristín Heba Gísladóttir, fyrrum framkvæmdastjóri AkAk, kom í heimsókn í

febrúar, og var hún með kynningu á Vörðu, rannsóknastofnun ASÍ og BSRB um vinnumarkaðsmál, sem hún stýrir.

Framkvæmdir í Sunnuhlíð

Frá því í ágúst 2022 hafa verið miklar framkvæmdir í Sunnuhlíð við að koma norðurstöð heilsugæslunnar á Akureyri fyrir á annarri hæð núverandi byggingar og í viðbyggingu sem reist var til norðurs. Fasteignafélagið Reginn hf. sem á meirihluta húsnæðis í Sunnuhlíð er í forsvari fyrir þessum framkvæmdum með samningum við Framkvæmdasýslu ríkisins. Heilsugæslan flutti í nýja húsnæðið í febrúar 2024. Starfsmannaaðstaða heilsugæslunnar er í kjallara aðalbyggingarinnar og þar er líka verið að útbúa aðstöðu fyrir ýmsa heilsutengda þjónustu. Eftir er að fara í breytingar á lóð, gangstéttum og bílastæðum sunnan við aðalbygginguna, ganga frá miðryminu á jarðhæðinni og að gera dyr úr eldhúsinu í húsnæði AkAk út á verönd sem verður samnýtt með öðrum eigendum húsnæðis í Sunnuhlíð. Reginn hefur samþykkt að sjá um að láta gera dyr úr eldhúsinu og að smíða veröndina, og að greiða kostnað við þessar framkvæmdir. Einnig er eftir að ganga frá nýjum eignaskiptasamningi þeirra aðila sem eiga húsnæði í Sunnuhlíð og gera upp ýmis mál sem tengjast framkvæmdunum.

4. Miðlun upplýsinga

Markmið stefnu AkAk um miðlun upplýsinga er að efla fjölbreytta miðlun um starfsemi AkAk til að auka sýnileika í samfélaginu.

Fréttabréf

Fréttabréfin hófu göngu sína í nóvember 2020, og koma þau út fimm sinnum á ári. Tilgangur fréttabréfanna er að miðla upplýsingum til félaga og samstarfsaðila um það helsta sem er efst á baugi í starfinu hverju sinni hjá AkAk og að styrkja gagnkvæm tengsl og samskipti.

Gagnagrunnur um verkefni og viðburði

Árið 2021 voru 15 ár frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi og sjö ár frá stofnun AkureyrarAkademíunnar. Í tilefni af þessum tímamótum kom út [skýrsla](#) á vegum AkAk sem felur annars vegar í sér skrá yfir verkefni sem fólk vann að hjá félaginu og Akademíunni á þessu 15 ára tímabili og hins vegar yfir viðburði á sama tímabili. Tilgangurinn með skýrslunni var upplýsa almenning og stjórnvöld um það mikla og fjölbreytta starf sem farið hefur fram undir merkjum félagsins og AkAk. Skránum var komið fyrir í [gagnagrunni](#) á vefsíðu AkAk sem hægt er að fletta upp í með leitarorðum. Búið er að uppfæra skrárnar frá því að skýrslan kom út og til ársloka 2023. Tilgangurinn er eins og áður að vekja athygli á og kynna starfið á vettvangi AkAk og mikilvægi þess fyrir samfélagið.

Hér fyrir neðan er getið helstu atriða varðandi fjölda og samsetningu innanhúsfólks, verkefni sem fólk vann að hjá AkAk og viðburði sem AkAk hefur staðið fyrir, annars vegar á þeim tíma sem skýrslan nær yfir og hins vegar eftir að skýrslan kom út og til ársloka 2023.

Skýrsla 2006 - 2021	Uppfærsla frá miðju ári 2021 og til ársloka 2023
Innanhúsfólk, fjöldi og samsetning Samtals 97 einstaklingar, 38 karlar og 59 konur. Flestir eru námsmenn, allir í háskólanámi, við 16 háskóla, þar af fimm innlenda og 11 erlenda. Fyrir utan námsmenn hefur fjölbreyttur hópur vísinda-, fræði- og listamanna sem og frumkvöðlar verið með vinnuaðstöðu hjá AkAk.	Innanhúsfólk, fjöldi og samsetning Samtals 23 einstaklingar, 7 karlar og 16 konur. Þar að auki sjö einstaklingar sem ekki eru taldir með í uppfærslunni þar sem þeir eru á lista yfir húsfólk AkAk sem tekinn var saman í tengslum við skýrslugerðina. Flestir (10) eru sjálfstætt starfandi fræðimenn/einrykjar á fagsviðum, átta eru frumkvöðlar, sjö eru í störfum óháð staðsetningu á fjölbreyttum fagsviðum og fimm eru í námi við innlenda háskóla.

<p>Viðburðir AkAk staðið fyrir ríflega 150 viðburðum, s.s. bókakynningum, fyrirlesturum, gjörningum, gönguferðum, leiklestrum, námskeiðum, sýningum, tónlistarflutningi, upplestrum o.fl.</p> <p>Ríflega 250 einstaklingar hafa komið fram á viðburðum AkAk, sumir margoft.</p>	<p>Viðburðir AkAk staðið fyrir 40 viðburðum, s.s. málþingum, fyrirlesturum, kynningum, söng- og tónlistardagskrá og sögugöngu.</p> <p>35 einstaklingar hafa komið fram á viðburðum AkAk, sumir oftast en einu sinni.</p>
--	---

Verkefni innanhúsfólks	Skýrsla 2006 - 2021	Uppfærsla frá miðju ári 2021 og til ársloka 2023
BA/BS- ritgerðir	4	1
Meistararitgerðir	24	
Doktorsritgerðir	10	1
Sýningar	22	
Skýrslur	24	1
Ritverk	12	1
Greinar/kaflar í tímaritum og bókum	146	16
Þýðingar	6	1
Skáldsögur	12	
Náms/fræðslufni	1	
Frumkvöðlaverkefni	2	
Samtals	263	21

5. Ytra samstarf

Markmið stefnu AkAk um ytra samstarf er að skapa brú milli fræða og samfélags með samstarfi við almenning, fyrirtæki, stofnanir og opinbera aðila.

Akureyrarbær

Vorið 2021 gerðu Akureyrarbær og AkureyrarAkademían með sér þriggja ára samstarfssamning sem hefur það markmið að styðja við frumkvöðlastarf og um leið starfsemi AkAk með því að bjóða tveimur einstaklingum sem vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna upp á vinnuástöðu í húsnæði AkAk sem Akureyrarbær greiðir fyrir. Úthlutunartímabil eru tvö á hverju ári, annars vegar frá 1. mars – 31. ágúst og hins vegar frá 1. september – 28. febrúar og er auglýst eftir umsóknum í janúar/febrúar vegna fyrra tímabilsins og í ágúst vegna þess síðara. Við mat á umsóknum skal m.a. taka mið af eftirfarandi þáttum:

- Nýsköpunargildi þeirra hugmynda sem felast í því verkefni sem umsækjendur ætla að vinna að.
- Að öðru jöfnu skal miða við að hugmynd og/eða viðskiptaáætlun sé í þróun og að eiginleg starfsemi sé ekki hafin. Gæta skal þess að verkefni umsækjanda sé ekki í samkeppni við starfsemi sem fyrir er á markaði.
- Að verkefni umsækjanda falli vel að því starfi sem fyrir er hjá AkureyrarAkademíunni.

Yfirlit yfir úthlutanir

Haustið 2021 var í fyrsta skipti auglýst eftir umsóknum.

Úthlutunartímabil	Umsóknir
1. september 2021 – 28. febrúar 2022	Þrjár umsóknir, einn umsækjandi hætti við, hinir tveir þáðu vinnuástöðuna, annar þeirra þurfti að hætta eftir tvo mánuði vegna breyttra aðstæðna hjá viðkomandi.
1. mars 2022 – 31. ágúst 2022	Engar umsóknir þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar.
1. september 2022 – 28. febrúar 2023	Ein umsókn og þáði umsækjandi vinnuástöðuna.
1. mars 2023 - 31. ágúst 2023	Tvær umsóknir og þáðu umsækjendur vinnuástöðuna. Annar umsækjandinn þurfti að hætta þegar þrjú mánuðir voru eftir af úthlutunartímanum vegna breyttra aðstæðna hjá viðkomandi og var vinnuáplássinu úthlutað tímabundið til einstaklings sem hafði þá spurst fyrir um aðstöðu til að vinna að frumkvöðlaverkefni.
1. september 2023 - 29. febrúar 2024	Þrjár umsóknir og þáðu umsækjendur vinnuástöðuna og deildu tveir þeirra með sér einu vinnuborði. Einn þeirra gat hins vegar ekki notað vinnuástöðuna sem skyldi vegna persónulegra aðstæðna hjá viðkomandi.
1. mars 2024 – 31. ágúst 2024	Tvær umsóknir og þáðu umsækjendur vinnuástöðuna.

Þó að öll vinnupláss gangi ekki út þá greiðir Akureyrarbær samt sem áður fyrir þau, og eru greiðslur gerðar upp tvisvar á ári.

Eins og sjá má af yfirlitinu þá fóru umsóknir ágætlega af stað þegar auglýst var í fyrsta skipti eftir umsóknum en bakslag varð á árinu 2022 vegna Covid-19 og samkomutakmarkana. Umsóknir fóru aftur í gang þegar kom fram á árið 2023 og hafa síðan þá verið á bilinu tvær til þrjár á hverju úthlutunartímabili. Reynslan sýnir líka að það hefur tekið tíma að ná til samfélagsins, kynna þau tækifæri sem felast í samningnum og festa hann í sessi. Það er mat AkAk að þetta hafi borið árangur á seinni hluta samningstímans og er mikilvægt að viðhafa viðvarandi starf að kynningarmálum.

Frumkvöðlarnir hafa unnið að fjölbreyttum verkefnum: hugbúnaðarlausnum á netinu fyrir fyrirtæki, dans- og hreyfimeðferð sem meðferðaráætlun fyrir félagslega heilsu á Íslandi, varðveislu sagnaarfs um álfa og huldufólk á Akureyri/Eyjafirði, uppbyggingu hátæknigróðurhúss, kynningar- og fræðsluefni um tegundir og táknfræði blóma í menningar- og sögulegu samhengi, uppbyggingu núvitundarseturs, uppbyggingu hreinlætisaðstöðu á ferðamannastöðum, gerð sjónvarpsþátta um óbyggðir á Íslandi, undirbúningi að Sjávarlífssafni á Akureyri og gerð sýningar um sjávarlíf, undirbúningi að leiklistarskóla á Akureyri fyrir aldurinn 16 - 23ja ára og leiklistarnámskeiði fyrir fólk á aldrinum 67 ára og eldri.

Samningurinn við Akureyrarbæ gildi til 1. maí 2024, og var skrifað undir nýjan samning þann 16. maí sl.

Háskólinn á Akureyri

AkAk og HA efndu til Þekkingarþings háskóla, háskóla- og þekkingarsetra á Norður- og Austurlandi í HA þann 26. október 2023 með það fyrir augum að koma af stað umræðu um frekara samstarf í framtíðinni, sem og að búa til vettvang fyrir kynningar á stofnunum og samtökum. Þingið sóttu 16 fulltrúar frá 10 stofnunum, sem kynntu starfsemi sinna stofnana. Ákveðið var að halda annan fund á nýju ári til að ræða um næstu skref í samstarfinu og var hann haldinn á Zoom þann 10. apríl sl. Á fundinum var rætt um að skoða ýmsa sjóði (Lóan, sjóðir hjá Byggðastofnun og uppbyggingarsjóði) og kanna möguleika á að sækja um styrki vegna kynninga og verkefna, og að funda aftur þegar hugmyndir væru komnar fram. Lagt var til að AkAk og HA tækju að sér að skoða sjóði og hugmyndir um styrkumsóknir.

Samstarfssamningur AkAk og HA var endurnýjaður í lok október 2023 og gildir hann til næstu þriggja ára. Markmið samningsins er eins og áður að efla samstarf milli aðila og stuðla að sem bestri nýtingu sérfræðiþekkingar, kunnáttu, efniviðs og aðstöðu sem samningsaðilar búa yfir. Samkvæmt samningnum

sendir AkAk árlega upplýsingar til HA, eins og áður, um þá fræði- og vísindamenn sem starfa innan AkAk með það fyrir augum að HA geti leitað til þeirra um að taka að sér stundakennslu eða önnur verkefni.

Í byrjun apríl sl. var haldinn opinn viðburður á vegum Félagsvísindadeildar HA og AkAk þar sem Haukur Arnþórsson, sjálfstætt starfandi fræðimaður og félagi í ReykjavíkurAkademíunni, kynnti bók sína *Mín eigin lög* á hádegisfundi í HA.

ReykjavíkurAkademían

Þann 22. september 2023 efndi ReykjavíkurAkademían (RA) til fræðapings í samstarfi við AkAk og fleiri aðila. Á þinginu var sjónum beint að hlutverki hug- og félagsvísinda, þeim hluta fræðasamfélagsins sem starfar utan háskólanna, að opinberri fjármögnun áhugadrifinna rannsókna og möguleikum ungs fræðafólks að láta til sín taka við rannsóknir og þekkingarmiðlun. AkAk styrkti fræðapingið um kr. 50 þúsund.

Samstarfssamningur AkAk og RA var endurnýjaður þann 15. maí sl. Markmið sammingsins er eins og áður að efla samstarf milli akademíanna og félaganna með áherslu á samráðsfundi og málþing, miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga, rannsóknir og miðlun, og nýtingu aðstöðu og húsnæðis. Þeir sem leigja vinnuástöðu á hvorum stað fyrir sig geta fengið endurgjaldslaus afnot af vinnuástöðu í hinni akademíunni, allt að einum mánuði.

Einnig hefur sameiginlegur póstlisti akademíanna verið notaður eins og áður til að miðla ýmsum upplýsingum og fréttum.

Viðburðir

Fyrirlestrar fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Undanfarin ár hefur verið samstarf í gangi á milli AkAk og öldrunarheimila Akureyrar, og nú hjúkrunarheimila Heilsuverndar, sem felur í sér að bjóða íbúum heimilanna upp á fræðandi og aðgengilega fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni sem eru líka opnir fyrir aðra bæjarbúa. AkAk leitar bæði til félaga sinna um tillögur að fyrirlestrum og líka til einstaklinga utan hópsins.

Í desember 2022 fékk AkAk styrk hjá Menningar- og viðurkenningasjóði KEA til að vera með fjóra fyrirlestra á árinu 2023 fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa.

- Fyrsti fyrirlesturinn var haldinn í salnum á Lögmannshlíð 28. apríl en þá sagði Bryndís Fjóla Pétursdóttir, garðyrkjufraeðingur og félagi í AkAk, frá nýsköpunarverkefninu *Huldustígur í Lystigarðinum á Akureyri*, sem hún vinnur að hjá AkAk.

- Annar fyrirlesturinn fór fram 19. maí á Hlíð en þá ræddi listakonan Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir – Hadda - um hvernig sauðkindin, og afurðir hennar, hafa nært sköpunarsögu okkar frá upphafi byggðar á Íslandi, og veitt innblástur í verklega og andlega list og handíð.
- Þriðji fyrirlesturinn fór fram á Lögmannshlíð 29. september en þá sagði Sigurgeir Guðjónsson, sagnfræðingur og félagi í AkAk, frá aðbúnaði geðveiks fólks á Akureyri og í nágrannabyggðum á 19. öld.
- Fjórði fyrirlesturinn fór fram á Hlíð 27. október en þá fjallaði Tryggvi Marinósson, garðyrkjufraeðingur, um merk tré á Akureyri, upphaf trjáræktar í bænum og um áhrif trjágróðurs og grænna svæða á ásýnd Akureyrar.

Um 180 gestir sóttu fyrirlestrana.

Í desember 2023 og í janúar 2024 fékk AkAk styrki hjá Menningar- og viðurkenningasjóði KEA og Norðurorku hf. til að vera með fyrirlestra á árinu 2024 fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa. Skipulagðir voru samtals átta fyrirlestra sem dreifast á mánuðina apríl, maí, júní, ágúst, september og október, og fara þeir ýmist fram á Hlíð eða Lögmannshlíð.

Fyrsti fyrirlesturinn í þessari viðburðaröð fór fram þann 26. apríl sl. en þá sagði Þorgerður Anna Björnsdóttir, kínverskufraeðingur og félagi í AkAk, frá Steinunni Jóhannesdóttur Hayes (f. 1870) en hún fluttist ung frá Íslandi til Vesturheims. Þar braust hún til mennta og varð fyrst íslenskra kvenna til að ljúka læknisprófi, árið 1901 frá Háskóla Suður-Kaliforníu. Starfsævinni varði Steinunn í Kína, sem trúboðslæknir í 40 ár, á miklum umbyltingar- og átakatíma, og var um tíma fangi japanska hersins í Kína.

Annar fyrirlesturinn var haldinn 31. maí sl. en þá fjallaði Hörður Geirsson, safnvörður ljósmyndadeildar Minjasafnsins á Akureyri, um ljósmyndasýningu safnsins *Iðnaðarbærinn Akureyri*. Sýndar voru fjölmargar ljósmyndir en þær geyma merka sögu iðnaðar á Akureyri og fólksins sem þar starfaði.

Um 100 gestir sóttu fyrirlestrana.

Málþing

AkAk stóð fyrir tveimur málþinginu á starfsárinu.

Það fyrra var haldið í samstarfi við Akureyrarbæ og fór fram í Menningarhúsinu Hofi, 4. nóvember 2023 og var yfirskriftin *Á brún hengiflugsins?* Á málþinginu var fjallað um stefnu Akureyrarbæjar í umhverfis-

og loftlagsmálum og það sem þurfi að gera hér í bænum til að takast á við loftslagsvána. Inngangserindi fluttu Rut Jónsdóttir, forstöðumaður umhverfis- og sorpmála hjá Akureyrarbæ, og Stefán Gíslason, stofnandi og eigandi UMÍS ehf. Environice.

Pallborðsumræður voru tvískiptar þar sem annars vegar voru dregin fram viðhorf unga fólksins til umhverfis- og loftslagsmála og hins vegar var lagt almennt mat á stöðuna og horft fram á veginn. Eftir hvort pallborð um sig var gefinn kostur á spurningum úr sal og sköpuðust frjóar og fjörmiklar umræður. Málþingsstjóri var Silja Jóhannesar Ástudóttir, samskiptastjóri Háskólans á Akureyri, og félagi í AkAk.

Seinna málþingið var haldið í Menningarhúsinu Hofi, 4. maí 2024 og var það alfarið á vegum AkAk. Tilefnið var að á þessu ári eru 80 ár frá því að lýðveldi var stofnað á Íslandi þann 17. júní 1944. Með þessu vildi AkAk bjóða upp á vettvang fyrir samræður og skoðanaskipti fræðimanna og almennings um lýðveldisstofnunina, stöðu og þróun lýðveldis og lýðræðis á Íslandi. Málþingsstjóri var Þorgerður Anna Björnsdóttir, kínverskufraeðingur, verkefnastjóri við Konfúsíusarstofnun Háskóla Íslands og félagi í AkAk. Umræður á málþinginu fóru fram í tveimur málstofum með þátttöku fræðimanna við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Í fyrri málstofunni ræddu Guðmundur Hálfðánarson og Ragnheiður Kristjánsdóttir um lýðveldið í sögulegu ljósi og stýrði Sigrún Stefánsdóttir umræðunum. Í seinni málstofunni ræddu Eva Heiða Önnudóttir og Þorvaldur Gylfason um lýðræði og stjórnskipan íslenska lýðveldisins, og sá Birgir Guðmundsson um að stýra umræðunum. Í tengslum við málþingið voru sýndar ljósmyndir frá Akureyri þegar bæjarbúar fögnuðu stofnun lýðveldis á Íslandi 17. júní 1944 sem Minjasafnið á Akureyri tók saman, og boðið var upp á þjóðlegar veitingar í kaffihléinu.

Um 110 gestir sóttu málþingin.

Bakarís-fyrirlestrar

Bakarís-fyrirlestrarnir eru samstarfsverkefni AkAk og Brauðgerðarhúss Akureyrar. Markmið þeirra er að kynna verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk, bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni. Fyrsti bakarís-fyrirlesturinn fór fram í febrúar 2023 en þá kynnti dr. Hulda Sædís Bryngeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur og aðjúnkt við Háskólann á Akureyri, niðurstöður doktorsrannsóknar sinnar um þær leiðir sem íslenskar konur hafa farið til að ná að eflast og vaxa (e. post-traumatic growth) eftir að hafa verið beittar ofbeldi í nánú sambandi.

Næsti bakarís-fyrirlestur var haldinn 12. október 2023 en þá kynnti dr. Steinunn A. Ólafsdóttir, sjúkraþjálfari og lektor við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, niðurstöður doktorsrannsóknar sinnar um heilsu og færni einstaklinga sem hafa fengið heillaslag.

Um 40 gestir sóttu fyrirlestrana.

Stefnt er að því að bjóða upp á fleiri bakarís-fyrirlestra í haust.